F.H. Bg nes ehf
Freyr Steinar Gunnlaugsson

Mig langar rétt að koma því á framfæri er varðar aflamark á grásleppuveiðar. Þegar talað er um hvernig eigi að breyta kerfi til að betrumbæta það og færa okkur nær rauntíma er mikilvægt að hafa það í huga við hverja sé best að tala og hafa samráð með.
Ef nefndin myndi skoða það hverjir hafa stundað grásleppuveiðar undanfarin ár og hverjir ætla sér að gera það áfram er augljós niðurstaða. Það er búið að gera fleiri en eina könnun meðal leyfishafa um hverjar óskir þeirra eru. Niðurstaðan var skýr menn vilja fá grásleppu í aflamark. Ég held að við ættum að hætta að spyrja menn sem hafa enga hagsmuni að gæta gagnvart þessu og jafnvel ekki vit á því sem þeir eru að tala um og fara að einbeita okkur að því hvernig við útfærum grásleppu yfir í aflamark eins og aðrar tegundir sem veiddar eru hér við land.